

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um fagmenntun starfsmanna stofnana.

Frá Loga Einarssyni.

1. Hversu margir starfsmenn unnu hjá Rannsóknastofu byggingariðnaðarins, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Mannvirkjastofnun og Íbúðalánasjóði árið 2016 og hver var fagmenntun þeirra? Svar óskast sundurliðað eftir stofnunum.
2. Hversu margir starfsmenn unnu hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun í ársbyrjun 2023 og hver var fagmenntun þeirra?

Skriflegt svar óskast.